

Bolungarvíkurkaupstaður  
Aðalstræti 12  
415 Bolungarvík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
19. des. 2012	
8.14.2	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. desember 2012  
Tilvísun: UST20120400016/edk

### Staðfesting á úrbótum móttækin - máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 22. mars 2012 þar sem fjallað er um fjögur frávik sem komu fram við reglubundið eftirlit með urðun óvirks úrgangs hjá Bolungarvíkurkaupstað árið 2011. Umhverfisstofnun hafa nú borist upplýsingar um úrbætur frá rekstraraðila og lítur svo á að bætt hafi verið að fullu úr öllum fjórum frávikum.


#### Frávikin sem um ræðir voru eftirfarandi:

1. Úrgangstegundir sem ekki er heimild fyrir voru á svæðinu t.d. plast og ýmsir hlutir úr viði og málm og mikið var um blöndun úrgangsflokka. Í ákvæði 1.2. í starfsleyfi, er kveðið á um þá úrgangsflokka sem heimilt er að meðhöndla á svæðinu, en þar á meðal eru ekki fyrrgreindir úrgangsflokkar.  
Í svörum rekstraraðila frá 15. maí 2012 kemur fram að blöndun úrgangs og urðun óheimilla úrgangsflokka sé komin til vegna þess að urðunarstaðurinn hafi ekki verið afgirtur og úrbætur á þessu atriði náist þegar svæðið verður girt af. Rekstraraðili staðfesti í tölvupósti 11. desember sl. að umgengi um urðunarstaðinn hafi lagast mikið eftir að girt var og að óheimilar úrgangstegundir virðast ekki lengur berast þangað líkt og var þegar eftirlit fór fram. Umhverfisstofnun samþykkir þetta sem fullnægjandi úrbætur og mun skoða þetta atriði sérstaklega við eftirlit 2013.
2. Urðunarsvæðið hafði ekki verið girt þegar eftirlit fór fram.  
Í tölvupósti frá rekstraraðila, dags. 5. september 2012, kemur fram að lokið hafi verið við að setja upp girðingu. Umhverfisstofnun samþykkir þetta sem fullnægjandi úrbætur og mun skoða girðingu og hlið við reglubundið eftirlit 2013.
3. Umhverfisstofnun hafði ekki borist staðfesting um áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun hafs og stranda þegar eftirlit fór fram. Einnig vantaði ábyrgðartryggingu.  
Umhverfisstofnun barst áhættumat og viðbragðsáætlun frá Bolungarvíkurkaupstað þann 1. nóvember sl. sem hefur verið metið fullnægjandi. Staðfest afrit af ábyrgðartryggingu barst 18. desember 2012.

4. Nokkurt magn vatns var í urðunargryfju og alls kyns úrgangur í vatninu. Samkvæmt ákvæði 2.6 í starfsleyfi skal komið í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn og skal urðunarstaðurinn þannig staðsettur og hannaður að yfirborðsvatni sé beint frá urðunarstaðnum sem og annað vatn safnist ekki í urðunarsvæðið.
- Í tölvupósti frá rekstraraðila, dags. 5. september 2012, segir að fyllt hafi verið í botn gryfjunnar þannig að ekki sitji lengur grunnvatn í botni hennar. Umhverfisstofnun tekur þetta gilt að svo stöddu og mun skoða þetta atriði við reglubundið eftirlit með urðunarstaðnum á næsta ári.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Sigríður Kristjánsdóttir  
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða